

Nemendur geta lokið námi á mislöngum tíma

Nemendur í Tjarnarskóla eiga þess kost að ljúka grunnskólanámi einu ári fyrr en fæðingarár þeirra segir til um. Þegar ákvörðun er tekin um slíkt fjallar kennarahópurinn um möguleika nemandans á því að ljúka tilætluðum námsmarkmiðum á styttri tíma en ella. Nemendinn sjálfur og foreldrar ráðgjast við umsjónarkennara og síðan eru línurnar lagðar. Á undanförunum árum hefur það verið fremur regla en undantekning að einhverjir nemendur í skólanum fari þessa leið, oftast með þeim hætti að flytjast í 10. bekk, eftir 8. bekk. Allir nemendur sem hafa farið þessa leið hafa staðið sig afar vel og verið sáttir við að fá þetta tækifæri. Skólaveturinn 2013 – 2014 eru 20 nemendur í 10. bekk, í þeim hópi eru fimm sem ljúka grunnskólanámi einu ári á undan (25%). Fjarnámsleiðin, eins og lýst er í kaflanum hér á undan, nýtist nemendum einnig til þess að flýta fyrir framhaldsskólanáminu.